

# Hönnun fjölbýlishúss - samþætt verkefni

## BF FBH 1009

<b>Ár:</b>	2. ár
<b>Önn:</b>	Vorönn.
<b>Tegund:</b>	Skylda
<b>Undanfarar:</b>	Nemendur þurfa að hafa lokið 90 ECTS, það er öllum skyldunámskeiðum af fyrstu þremur önnum námsins áður en skráning er heimil.
<b>Skipulag:</b>	Samþætt verkefni yfir alla önnina. 4 staðarlotur yfir önnina og fundir með kennurum.
<b>Kennari:</b>	Viggó Magnússon o.fl.

**Lýsing:** Hanna á og teikna fjölbýlishús á ákveðinni lóð með byggingar- og skipulagsskilmálum. Leiðbeinendur leggja fram lóðina og forskrift sem hanna á eftir. Verkefnið er raunverulegt og forskriftin miðuð við aðstæður á Íslandi. Verkefnið er hópverkefni, yfirleitt 3-4 nemendur í hóp. Miðað er við að hópurinn fari í gegn um fyrstu þrjú stig hönnunar:

- 1.) Frumhönnun þar sem byggingin er hönnuð frá grunni út frá deiliskipulagsgögnum og forskrift að samkeppnisstigi.
- 2.) Forhönnun þar sem greiningar á rými, efnum og, skissuvinna í deilum, tækniakerfum, brunavörnum, hljóðvist, orkurammi og kólnunartölur, burðarþol og byggingaraðferðum fer fram til að tryggja að forhönnunargögn standist lög og reglugerðir og sé framkvæmanlegt.
- 3.) Aðaluppdráttagerð þar sem nemendur skili inn fullgildum aðaluppdráttargögnum, ásamt skráningartöflu, byggingarleyfisumsókn og fylgigögnum til að fá samþykkt byggingarfulltrúa á verkefninu.

Hópurinn skal halda hönnunarfundi, framvindufundi með kennurum ásamt öðrum nauðsynlegum fundum sem styðja framgang verkefnisins og skal rita fundargerðir á þessum fundum sem liggja frammi sem skrásetning á ákvarðanatöku. Afhenda skal leiðbeinendum allar kostnaðar, verkáætlanir og fundargerðir. Skil á þróunarvinnunni, verkáætlunum og fundargerðum eru metin til einkunnar. Kynningar nemenda og leiðbeinenda á helstu atriðum sem tengjast verkefninu fara fram á starfslotudögum og viðtalstímum. Í lok annar er haldin framlögn heildarverkefnisins þar sem nemendur verja vinnu sína sameiginlega og sem einstaklingar fyrir kennurum.

Byggingarlög og byggingarreglugerð. Skipulagslög og skipulagsreglugerð. Svæðaskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Lög og reglugerð um umhverfismat framkvæmda. Ferlar í stjórnskipan.